

FRAYER LÍKANIÐ

Frayer model

Um aðferðina

Frayer líkanið er í raun ein gerða hugarkorta en líkaninu er ætlað að hjálpa nemendum að efla orðaforða- og hugtakaskilning sinn. Líkanið var sett fram árið 1969 og dregur það nafn sitt af Frederic Frayer, einum höfundu þess. Líkanið er leið til að kenna ný orð eða hugtök en aðferðin er nokkuð tímafrek og því þurfa orðin/hugtökin sem verða fyrir valinu að hafa mikið vægi fyrir nám. Kennarar þurfa jafnframt að átta sig á því að eigi nemendur að öðlast viðunandi skilning á inntaki hugtaks verða þeir að fá bæði tíma og tækifæri til að vinna með það.

Það er ekki alveg ljóst hvað það merkir að þekkja orð til hlítar en það er hins vegar ljóst að orðabókarskilgreining dugar skammt ef hugtakið á að vera nemendum tamt í ræðu og riti. Að vinna skilgreiningar út frá Frayer líkaninu dýpar skilning nemenda á orðum/hugtökum, fær þá til að hugsa um ný orð og hugtök á gagnrýnni hátt og fjögurra þátta úrvinnsla á merkingu hugtaks býður upp á virkjun fjölbreyttari námsleiða (skilgreining, mynd, dæmi og notkun í merkingarbærri málsgrein).

Úrvinnsluþættirnir fjórir eru ekki alltaf þeim sömu og fer það eftir aldri nemenda og eðli viðfangsefnis hvaða þættir eru settir fram innan líkansins. Þessari umfjöllun fylgja þrjú dæmi um útfærslu á líkaninu til glöggvunar fyrir kennara.

Þar sem ný hugtök eru nemendum ekki töm er undanfari þessarar vinnu alltaf lestur á texta, virkjun bakgrunnsþekkingar og umræður um viðfangsefnið en á meðan á þeirri vinnu stendur geta nemendur glósað jafnóðum í líkanið um leið og þeir vinna textann.

Markmið aðferðar

- Að nemendur öðlist skilning á lykilhugtökum og orðaforða og muni þau betur.
- Að nemendur nýti bakgrunnsþekkingu sína til að átta sig á skyldleika hugtaka.
- Að skýra merkingu hugtaka út frá eiginleikum og dæmum og efla þar með lesskilning.
- Að nemendur öðlist gagnrýnni hugsun með því að velta orðum/hugtökum fyrir sér af dýpt.

Gögn

Óútfyllt Frayer líkón, eitt eintak á hvern nemanda.

Framkvæmd

Eins og með aðra lesskilningstækni þarf að kenna notkun líkansins með stigskiptum stuðningi og veita nemendum næg tækifæri til að þjálfra sig í notkun þess. Möguleg framkvæmd getur verið á þessa leið:


1. Kennari velur orð/hugtak sem nemendur þurfa að kunna góð skil á.
2. Kennari kynnir líkanið fyrir nemendum og útskýrir alla fjóra þætti þess.

3. Sýnikennsla: Kennari tekur eitt hugtak/orð fyrir og leiðir nemendur í gegnum líkanið.
4. Leiðsögn: Nemendur paraðir saman og vinna með nýtt hugtak undir leiðsögn kennara.
5. Nemendur vinna sjálfstætt þegar þeir hafa náð tókum aðferðinni en það ræðst þó af aldri og ekki skal vanmeta gildi samvinnu í vinnu af þessu tagi.
6. Skilgreiningum safnað saman og þær settar t.d. á orðavegg því þá er hægt að vísa í þær á meðan á vinnu stendur.


Aðeins um skilgreiningar

Það getur verið mjög gagnlegt fyrir nemendur að setja saman eigin skilgreiningar. Ef þær ná ekki fyllilega utan um hugtakið, eins og kennari telur þörf á, getur hann safnað skilgreiningum nemenda saman og útbúið nothæfa skilgreiningu í samvinnu við þá með aðstoð náms- og orðabóka.

Framer líkan (hefðbundið)



Frayer líkan: Dæmi um útfærslu fyrir yngri nemendur

<p>Skilgreining í námsefni/frá kennara</p> <p>Einelti er ofbeldi þar sem einn eða fleiri ráðast að einum og beita hann ofbeldi yfir lengri tíma. Það getur birst í félagslegri útskúfun, með baktali, særandi orðbragði, niðurlægingu, frelsissviptingu, verðmætastuldi, eignatjóni og líkamsmeiðingum.</p>	<p>Eigin skilgreining</p> <p>Þegar krakkar eru vondir við annan krakka og stríða og segja ljóta hluti við hann og þeir hætta ekki.</p>
<p>Einelti</p>	
<p>Hugtak/orð í málgrein</p> <p>Krakkarnir lögðu Klöru í einelti af því þeim fannst hún skrítni ...</p>	<p>Mynd/teikning</p> 


Frayer líkan: Dæmi um útfærslu fyrir eldri nemendur

<p>Skilgreining</p> <p>Í fulltrúalýðræði á valdið sér uppsprettu hjá fólkinu sem velur sér fulltrúa á þing til að fara með málefni þess.</p>	<p>Eiginleikar</p> <ul style="list-style-type: none"> • Reglulegar frjálsar kosningar • Almennur kosningaréttur • Tjáningar- og félagafrelsi • Allir mega bjóða sig fram • Þrískipting valds: Löggjafarvald, dómvald, framkvæmdavald.
<p>Fulltrúalýðræði</p>	
<p>Dæmi</p> <ul style="list-style-type: none"> • Ísland • Bandaríkin • Bretland • Frakkland • Indland 	<p>Dæmi utan skilgreiningar</p> <ul style="list-style-type: none"> • Norður-Kórea (einræðisríki) • Sómalía (stjórnsleysi) • Sádi-Arabía (konungsveldi)


Frayer líkan: Dæmi um útfærslu fyrir ÍSAT nemendur

<p>Skilgreining</p> <p>Heil tala sem hefur tvo eða fleiri þætti.</p>	<p>Þýðing yfir á móðurmál</p> <p>A whole number with more than two factors.</p>
<p>Samsettar tölur Composite numbers</p>	
<p>Dæmi</p> <p>4, 6, 8, 9, 10, 12, 14, 15, 16</p>	<p>Dæmi utan skilgreiningar</p> <p>0, 1, 2, 3, 5, 7, 11, 13, 17 (frumtölur)</p>

Frayer líkan



Frayer líkan



Frayer líkan

